

Dómsmálaráðuneyti
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2022

Tilvísun þí: 2022111860/7.5.0

Tilvísun sendanda:

Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um áform um lagasetningu vegna nýrra heildarlaga um nafnskírteini sem verða örugg persónuskilríki til auðkenningar og gild ferðaskilríki innan EES/Schengen- svæðisins

Þjóðskrá Íslands hefur farið yfir áform um ný lög um nafnskírteini samráðsgáttar stjórnvalda 18. nóvember 2022 (mál nr. 224/2022). Þjóðskrá Íslands fagnar þessum áformum stjórnvalda að setja ný lög um nafnskírteini enda brýn þörf á að stórbæta öryggi íslenskra nafnskírteina, en núverandi skírteini standast ekki kröfur nútímans, eru ekki gild ferðaskilríki og eru ógn við öryggi auðkenningar einstaklinga á Íslandi.

Stofnun telur afar brýnt að málið fái framgöngu, því eins og bent er á þá standast núverandi nafnskírteini ekki kröfur sem gerðar eru til slíkra skilríkja í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1157 um aukið öryggi persónuskilríkja, sem er í innleiðingarferli hjá sameiginlegu EES-nefndinni.

Þjóðskrá Íslands hefur unnið að undirbúningi fyrir ný nafnskírteini um nokkurt skeið og hefur stofnunin samið um búnað og efni og innleiðingaráætlun verður virkjuð um leið og lögin verða lögð fram. Lokastig innleiðingarinnar mun taka 3-6 mánuði eftir að lögin hafa verið samþykkt.

Með vísan til ofangreinds leggur stofnunin áherslu á það að nýju nafnskírteinin komi alfarið í stað þeirra gömlu og að sett verði sólarlagsákvæði um gildi eldri skírteina.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Telma Halldórsdóttir
Yfirlögfræðingur

Þjóðskrá Íslands
Registers Iceland

Borgartún 21
105 Reykjavík

515 5300
skra@skra.is

skra.is

Pjóðskrá Íslands
Registers Iceland

Borgartún 21
105 Reykjavík

515 5300
skra@skra.is

skra.is